

Ferðavenjur foreldra og barna til leikskóla



GRÆNNI
BYGGÐ
GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND

draumastadur
lykilöngun.is

**Ferðavenjur
foreldra og
barna til
leikskóla**

Efnisyfirlit

Inngangur og framkvæmdalýsing	bls 4
Könnun og niðurstöður	bls 7
Samantekt á niðurstöðum	bls 24
Samgöngumynstur	bls 25
Næstu skref	bls 26

Inngangur og framkvæmdalýsing

Því meira sem við vitum um samgönguvenjur fólks og ástæðurnar fyrir þeim því betur er hægt að skilja þær og koma til móts við þær með vistvænni lausnum. Sem stendur eru ekki til nein gögn sem sýna fram á ferðavenjur foreldra og barna til leikskóla. Til grundvallar könnuninni liggur því að framleiða töluleg gögn um ferðavenjur foreldra og barna til og frá leikskóla. Auk þess verður leitast til þess að kanna þá þætti sem liggja til grundvallar ferðavenjum foreldranna og barna. Í því samhengi verður leitast svara frá foreldrum um búsetu, val á leikskóla, staðsetningu vinnustaðs og almenns viðhorfs gagnvart samgöngumáta til og frá leikskóla. Í kjölfarið verði þá hægt að greina mynstur í staðsetningu leikskóla, búsetu foreldra, staðsetningu vinnustaðs, lóðahönnunar leikskóla og viðhorfs foreldra til samganga.

- Unnið af: Grænni byggð – Green Building Council Iceland
- Unnið fyrir: Verkefnið var styrkt af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Verkefnið er aðlagað að þeim styrk sem var veitt í verkefnið, eða 500.000 kr
- Markmið: Að kanna með hvaða hætti foreldrar fara með börn sín á leikskóla og afhverju
- Framkvæmdatími: 1. júní 2020 – 1. júní 2021
- Aðferð: Valdir voru þrjú leiksskólar á vegum Reykjavíkurborgar á þremur mismunandi svæðum í borginni. Foreldrar barna í leikskólanum Drafnarstein, Furuskóg og Dalskóla fengu tölvupóst þar sem rannsóknin var kynnt og óskað eftir þátttöku þeirra í könnuninni með því að ýta á vefslóð. Viku síðar var minnt á könnunina. Í kjölfarið voru niðurstöður skoðaðar. Könnunin var gerð í samráði við leikskólana og í samstarfi við Reykjavíkurborg.
- Spurningar:
- Sp. 1 *Aldur*
- Sp. 2 *Kyn*
- Sp. 4 *Hvar býrð þú? (vegalengd frá leikskóla)*

- Sp. 5 *Hvar starfar þú / ferð þú í skóla / ferð þú í daglega virkni? (vegalengd frá leikskóla)*
- Sp. 6 *Hvert ferð þú oftast eftir að hafa farið með barnið til leikskóla?*
- Sp. 7 *Hefðir þú viljað hafa barn þitt á öðrum leikskóla sökum staðsetningar?*
- Sp. 8 *Með hvaða hætti ferðast aðilinn sem fer með barnið til og frá leikskóla oftast, að vetri (nóvember – mars)?*
- Sp. 9 *Með hvaða hætti ferðast aðilinn sem fer með barnið til og frá leikskóla oftast, að vori (apríl – maí)?*
- Sp. 10 *Með hvaða hætti ferðast aðilinn sem fer með barnið til og frá leikskóla oftast, að sumri (júní – ágúst)?*
- Sp. 11 *Með hvaða hætti ferðast aðilinn sem fer með barnið til og frá leikskóla oftast, að hausti (september - október)?*
- Sp. 12 *Hvernig metur þú aðgengi akandi bíla frá heimili þínu að leikskóla?*
- Sp. 13 *Hvernig metur þú aðgengi bíla við leikskólann?*
- Sp. 14 *Hvernig metur þú aðgengi gangandi/hjólandi með barnið þitt frá heimili þínu að leikskóla? (Hér geta ýmsir þættir haft áhrif, t.d. er leiðin of löng fyrir barnið, þarf að fara yfir umferðarpunga götu, eru greiðir hjóla- eða göngustígar o.s.frv.)*
- Sp. 15 *Hvernig metur þú aðgengi gangandi/hjólandi með barnið þitt við leikskólann? (Hér geta ýmsir þættir haft áhrif, t.d. er aðkoman hentug, þarf að fara yfir götu eða bílastæði, er aðstaða til að geyma hjól og vagna o.s.frv.)*
- Sp. 16 *Hvernig metur þú öryggi þitt og barns þíns þegar farið er gangandi/hjólandi í leikskólann?*
- Sp. 17 *Hvert af eftirtöldu hefur mestu áhrif á það með hvaða hætti þú ferðast til og frá leikskóla?*

Úrtak og svörun: Alls fengu foreldrar 318 barna tölvupóst. Alls bárust 160 svör. Óskað var eftir svörum frá því foreldri sem fer með barnið á leikskólann, en búi barn á tveimur heimilum gátu báðir foreldrar svarað. Þátttökuhlutfall er 50% sé miðað við eitt svar frá hverju barni.


Staðsetning leikskólana:

Drafnasteinn er staðsettur í 101 Reykjavík í miðborg/vesturbæ Reykjavíkur. Furuskógur er í Efstaleiti, eða 108 Reykjavík.

Dalskóli er staðsettur í Úlfarsárdal sem er nokkuð frá miðbænum, eða um 12 km frá Hörpunni.

Könnun og niðurstöður


Sp. 1 Aldur foreldra - svarenda:



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
18 ára eða yngri	1.25%	2
18 - 24 ára	0.63%	1
25 - 34 ára	46.88%	75
35 - 44 ára	47.50%	76
45 ára eða eldri	3.75%	6
TOTAL		160


Sp. 2

Kyn:



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Karl	34.38% 55
Kona	65.63% 105
Hlutlaus	0.00% 0
TOTAL	160


Sp. 3 *Í hvaða leikskóla er barnið þitt?*



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Drafnarsteinn	33.33% 53
Furuskógur	21.38% 34
Dalskóli	45.28% 72
TOTAL	159


Sp. 4

Hvar býrð þú? (vegaleingd frá leikskóla)




ANSWER CHOICES	RESPONSES	
um 0-1 km frá leikskóla barns míns	63.52%	101
um 1-3 km frá leikskóla barns míns	29.56%	47
um 3-5 km frá leikskóla barns míns	4.40%	7
um 5-10 km frá leikskóla barns míns	0.63%	1
10 km eða meira frá leikskóla barns míns	1.89%	3
TOTAL		159

Sp. 5 Hvar starfar þú / ferð þú í skóla / ferð þú í daglega virkni? (vegalengd frá leikskóla)




ANSWER CHOICES	RESPONSES
Ég er hvorki í vinnu, skóla, né daglegri virkni.	6.29% 10
um 0-1 km frá leikskóla barns míns	12.58% 20
um 1-3 km frá leikskóla barns míns	15.72% 25
um 3-5 km frá leikskóla barns míns	13.84% 22
um 5-10 km frá leikskóla barns míns	18.87% 30
10 km eða meira frá leikskóla barns míns	27.04% 43
Vegalengd frá leikskólanum er breytileg hverju sinni, t.d. vegna mismunandi starfsstöðva	5.66% 9
TOTAL	159

Sp. 6 *Hvert ferð þú oftast eftir að hafa farið með barnið til leikskóla?*




ANSWER CHOICES	RESPONSES	
í vinnu	72.96%	116
í skóla	4.40%	7
heim	18.24%	29
annað	4.40%	7
TOTAL		159

Sp. 7 Hefðir þú viljað hafa barn þitt á öðrum leikskóla sökum staðsetningar?




ANSWER CHOICES	RESPONSES
Já	3.77% 6
Nei	93.08% 148
Hlutlaus	3.14% 5
TOTAL	159

Sp. 8 Með hvaða hætti ferðast aðilinn sem fer með barnið til og frá leikskóla oftast, að vetri (nóvember – mars)?




ANSWER CHOICES	RESPONSES
bíl	52.53% 83
rafmagnsbíl	4.43% 7
strætó	0.00% 0
hjóli	3.16% 5
gangandi	39.87% 63
með öðrum hætti	0.00% 0
TOTAL	158

Sp. 9 Með hvaða hætti ferðast aðilinn sem fer með barnið til og frá leikskóla oftast, að vori (apríl – maí)?




ANSWER CHOICES	RESPONSES (%)	RESPONSES (Count)
bíl	38.61%	61
rafmagnsbíl	3.80%	6
strætó	0.00%	0
hjóli	5.70%	9
gangandi	51.90%	82
með öðrum hætti	0.00%	0
TOTAL		158

Sp. 10 Með hvaða hætti ferðast aðilinn sem fer með barnið til og frá leikskóla oftast, að sumri (júní – ágúst)?




ANSWER CHOICES	RESPONSES	
bíl	30.38%	48
rafmagnsbíl	2.53%	4
strætó	0.00%	0
hjóli	8.23%	13
gangandi	58.86%	93
með öðrum hætti	0.00%	0
TOTAL		158

Sp. 11 Með hvaða hætti ferðast aðilinn sem fer með barnið til og frá leikskóla oftast, að hausti (september - október)?




ANSWER CHOICES	RESPONSES
bíl	44.94% 71
rafmagnsbíl	3.80% 6
strætó	0.00% 0
hjóli	5.06% 8
gangandi	46.20% 73
með öðrum hætti	0.00% 0
TOTAL	158

Sp. 12 *Hvernig metur þú aðgengi akandi bíla frá heimili þínu að leikskóla?*




ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Mjög gott	41.03%	64
Gott	33.33%	52
Sæmilegt	17.95%	28
Slæmt	6.41%	10
Mjög slæmt	1.28%	2
TOTAL		156

Sp. 13 Hvernig metur þú aðgengi bíla við leikskólann?




ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög gott	30.77% 48
Gott	39.74% 62
Sæmilegt	19.23% 30
Slæmt	8.33% 13
Mjög slæmt	1.92% 3
TOTAL	156

Sp. 14 *Hvernig metur þú aðgengi gangandi/hjólandi með barnið þitt frá heimili þínu að leikskóla? (Hér geta ýmsir þættir haft áhrif, t.d. er leiðin of löng fyrir barnið, þarf að fara yfir umferðarpunga götu, eru greiðir hjóla- eða göngustígar o.s.frv.)*




ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög gott	39.74% 62
Gott	31.41% 49
Sæmilegt	16.03% 25
Slæmt	9.62% 15
Mjög slæmt	3.21% 5
TOTAL	156

Sp. 15 Hvernig metur þú aðgengi gangandi/hjólandi með barnið þitt við leikskólann? (Hér geta ýmsir þættir haft áhrif, t.d. er aðkoman hentug, þarf að fara yfir götu eða bílastæði, er aðstaða til að geyma hjól og vagna o.s.frv.)




ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Mjög gott	34.62%	54
Gott	40.38%	63
Sæmilegt	16.03%	25
Slæmt	7.05%	11
Mjög slæmt	1.92%	3
TOTAL		156

Sp. 16 Hvernig metur þú öryggi þitt og barns þíns þegar farið er gangandi/hjólandi í leikskólann?



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Mjög gott	32.05% 50
Gott	39.74% 62
Sæmilegt	21.15% 33
Slæmt	5.13% 8
Mjög slæmt	1.92% 3
TOTAL	156

Sp. 17 Hvert af eftirtöldu hefur mestu áhrif á það með hvaða hætti þú ferðast til og frá leikskóla?



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Staðsetning eða aðstæður á heimili	37.82% 59
Staðsetning eða aðstæður á vinnustað / í skóla	23.72% 37
Staðsetning eða aðstæður við leikskóla	3.85% 6
Veðurfar	9.62% 15
Tími	21.15% 33
Heilsufar	1.92% 3
Fjárhagur	0.00% 0
Annað	1.92% 3
TOTAL	156

Samantekt á niðurstöðum könnunar

- Aðeins 34% svarenda í könnuninni voru karlmenn, 66% voru konur.
- Flest svör bárust frá Dalskóla í Úlfarsárdal, 45%, en færst frá Furuskóg, 21%. 33% svaranna komu frá foreldrum barna í Drafnarstein.
- 93% svarenda búa innan 3ja km frá leikskóla barns síns, þar af tæplega 64% innan við 1 km.
- Athygli vekur hversu hátt hlutfall foreldra sækir vinnu/skóla/daglega virkni langt frá leikskóla. Flestir fara 10 km eða meira (27%) frá leikskólanum og næst flestir 5 – 10 km frá leikskólanum (19%), samtals 46%. Hlutfall þeirra sem sækir vinnu/skóla/daglega virkni í nærumhverfi barnsins (innan 5 km) er samtals 42%.
- Foreldrar fara lang oftast beint til vinnu eftir að hafa farið með barnið í leikskólann. Ferðalagi foreldra er ekki lokið þegar búið er að fara með barnið í leikskólann, og flestir foreldrar halda áfram í vinnu (sem er í 46% tilvika lengra en 5 km í burtu frá leikskólanum).
- Langflestir foreldrar voru ánægðir með staðsetningu á sínum leikskóla, aðeins tæp 4% hefðu viljað hafa barnið á öðrum leikskóla vegna staðsetningar.
- Af þeim samgöngukostum sem eru í boði velja foreldrar lang oftast að ganga eða keyra með börnin til leikskóla, en spurt var eftir mismunandi árstíðum; að vetri, sumri, vori eða hausti.
- Á vorin, sumrin og haustin fara flestir með börnin sín gangandi á leikskólann
- Að vetri til fara flestir oftast með börnin sín á bíl í leikskólann, 53%, en 40% fara gangandi. Á haustin er skiptingin þó mjög jöfn.
- Rafmagnsbíll er notaður í 3 – 4% tilvika.
- Athygli vekur að enginn velur að nota strætó til að fara með barnið á leikskólann.
- Þegar viðhorf foreldra til ferðamáta var skoðað var borið saman aðgengi mismunandi ferðamáta, annars vegar á ferðaleiðinni frá heimili að leikskólanum og hins vegar við leikskólann sjálfan. Mjög svipaðar niðurstöður birtust fyrir aðgengi allra ferðamáta (bíla, hjólandi og gangandi vegfarenda) frá heimili að leikskóla, og fannst flestum aðgengið mjög gott.
- Þegar spurt var um aðgengi við leikskólann breyttust svörin aðeins. Þegar spurt var um aðgengi bíla við leikskólann jókst hlutfall þeirra sem fannst

aðgengið gott, sæmileg, slæmt eða mjög slæmt. Þegar spurt var um aðgengi hjólandi eða gangandi vegfarenda við leikskólann jókst hlutfall þeirra sem fannst aðgengið gott, en færri fannst aðgengið mjög gott, slæmt eða mjög slæmt.

- Öryggi gangandi og hjólandi við leikskóla fannst flestum gott eða mjög gott, en þó voru rúmlega 20% sem fannst öryggið aðeins sæmilegt.
- Af þeim valmöguleikum sem hægt var að kjósa varðandi hvað hefur mestu áhrif á það með hvaða hætti foreldrar ferðast til og frá leikskóla þótti flestum staðsetning og aðstæður á heimili vega þyngst. Þar á eftir kom staðsetning og aðstæður á vinnustað og því næst tími. Samanlagt vógu þessi atriði tæp 83%.

Samgöngumynstur

Hreyfiproski og hreyfigeta barna á leikskólaaldri er mjög mismunandi. Að ganga 500 metra til leikskóla getur verið auðvelt fyrir 5 ára gamalt barn en á sama tíma ómögulegt fyrir tveggja ára gamalt barn. Þegar vegalengdirnar eru of langar fyrir barnið til að ganga er hægt að nýta sér aðrar leiðir til að auðvelda börnum ferðina, til að mynda með því að barnið hjóli, fari í kerru eða vagni.

Það er margt sem getur haft áhrif á það hvaða samgöngukostur hentar hverju sinni. Til að mynda tíminn sem er aðgengilegur, aldur barnsins og hreyfigeta, vegalengd frá heimili að leikskóla, veðurfar, og það hvað tekur við hjá foreldri eftir að búið er að fara með barnið á leikskólann.

Samkvæmt könnuninni sem gerð var velja langflestir foreldrar að fara með bíl eða ganga með börn sín í leikskólann, en meirihluti þeirra býr í innan við kílómeters fjarlægð frá leikskóla barns síns. Í könnuninni kom einnig fram að meira en helmingur foreldrahópsins sækir vinnu, skóla eða daglega virkni meira en 5 km frá leikskóla og flestir 10 km eða lengra. Á sama tíma fara langflestir foreldrar beint til vinnu eftir að hafa farið með barnið sitt í leikskólann. Fyrir flesta foreldra, rúmlega 80%, er leikskólinn því stopp á lengri leið áður en haldið er aftur heim. Þetta getur haft mikil áhrif á það hvaða samgöngukost foreldrar kjósa.

Næstu skref

Þessi samantekt veitir fyrst og fremst töluleg gögn um ferðavenjur foreldra og barna til leikskóla, ásamt því að veita innsýn í hvaða áhrifaþættir liggja að baki þegar val á samgöngumátum eru annars vegar. Samantektin getur nýst sem grunnur að frekari rannsóknum.

Í samráði við fulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar voru valdir leikskólar sem eru staðsettir í nálægð við loftmæla, með það að markmiði að niðurstöður könnunarinnar geti nýst heilbrigðiseftirlitinu við rannsóknir. Einnig var haft í huga að velja leikskóla í mismunandi hverfum. Mikilvægt er að hafa í huga að í könnuninni endurspeglast aðeins svör þessara tilteknu leikskóla. Leikskólarnir eru misjafnir að stærð og var t.a.m. mikil þátttaka meðal foreldra í Dalskóla, þar sem eru flest börn.

Í framhaldi þessarar könnunar er áhugavert að skoða hvaða þættir eru líklegir til þess að breyta ferðavenjum, en flestir segja að aðstæður á heimili, á vinnustað og tími hafi mest að segja hvað varðar val á ferðamáta. Áhugavert er að skoða betur hvaða gæði það eru sem stuðla að því að fólk velur umhverfisvæna ferðamáta.

Skýrslan er gefin út af Grænni byggð og styrkt af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Höfundar: Elísabet Sara Emilsdóttir, Dagur Bollason, Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir.

Forsíðumynd: Elísabet Sara Emilsdóttir.

Reykjavík, 2021.



Reykjavíkurborg



GRÆNNI
BYGGÐ
GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND